

From: [Þórdís Stella Erlingsdóttir](#)
Sent: þriðjudagur, 26. október 2021 09:03
To: [Helga Jóna Jónasdóttir - VG](#); [Vegagerðin - VG](#)
Subject: FW: Re: Umsögn - Hliðarvegur í Lækjarbotnum

Categories: GoPro.net: Skjalað undir 2021070069 - Hönnun og undirbúningur
2021 - Hringvegur (1) Fossvellir – Hólmsá - Í vinnslu (mál)

Sæl Helga,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um Hliðarveg í Lækjarbotnum.

Kveðja,

Þórdís Stella Erlingsdóttir
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun



From: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: mánudagur, 25. október 2021 16:54
To: Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>
Subject: Re: Umsögn - Hliðarvegur í Lækjarbotnum

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202109-0030 (SS, IAS).

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnum, dags. 24.9.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort tilkynnt framkvæmd Vegagerðinnar um lagningu 1200 m hliðarvegar við Lækjarbotna í tengslum við breikkun Suðurlandsvegar, sé matsskyld í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun telur að framkvæmdin ein og sér sé ekki það umfangsmikil að hún sé háð mati á umhverfisáhrifum. Hins vegar er áætluð lega hliðarvegarins óþægilega nærri friðlýsta svæðinu Tröllabörn. Tröllabörn, Lækjarbotnum eru hraundrýli í Leitahrauni (friðlýst sem náttúruvætti árið 1983) og nær gervigígasvæði í Leitahrauni, sem kennt er við Lækjarbotna, yfir Suðurlandsveg við Tröllabörn. Þessar jarðminjar falla undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013, um sérstaka vernd og ber að vernda gegn raski (Sjá kortasjá NÍ: serstokvernd.ni.is).

Afmörkun friðlýsta svæðisins er afar naum með tilliti til þeirra jarðmyndana sem verið er að vernda. Eðlilegra hefði verið að hafa stærra öryggis- eða „buffer“-svæði t.d. með því að láta það ná lengra til austurs, og þá yfir svæði sem áætlaður hliðarvegur á að liggja um. Taka þyrfti tillit til

Þessa skorts á öryggissvæði kringum friðlýsta minjarnar þegar lagt er mat á áhrif nálægra framkvæmda.

Nú þegar liggja vegir alveg að friðaða svæðinu bæði að norðan og austanverðu og með þessum hliðarvegi verða bílvegir allt umhverfis friðaða svæðið, mjög nálægt mörkum þess og í raun innan marks þess sem æskilegt hefði verið að skilgreina sem öryggissvæði fyrir verndun jarðminjanna.

Einhvern veginn verður að leysa aðgengismál Waldorfskóla en það er spurning hvort ekki megi gera það á annan hátt, t.d. með undirgöngum undir Suðurlandsveg nálægt þeim stað þar sem núverandi vegamót að Waldorfskóla eru. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að það væri vert að kanna hvort einhver önnur útfærsla sé ekki hentugri en sú sem fyrirhuguð er til að þrengja ekki meir að Tröllabörnum.

Þess ber að geta að Suðurlandsvegurinn liggur á Leitahrauni á milli afleggjarans að Waldorfskóla og afleggjarans að Lækjarbotnum og því verða allar framkvæmdir í nútímahrauni en eftir að komið er niður Lögbergsbrekkuna hefur hraunið runnið yfir votlendi svo þar eru gervigígar og hraundýlin gefa til kynna að þarna hafa verið hraunrásir undir storknuðu yfirborði svo hugsanlega geta verið hraunhellar á svæðinu utan náttúruvættisins.

Vistgerðir sem verða fyrir raski, eru eins og kemur fram í greinargerðinni, með lágt verndargildi en mikilvægt er að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á Botnalæk sem er hverfisverndaður.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Þórdís Stella Erlingsdóttir" <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Umsögn - Hliðarvegur í Lækjarbotnum

Date: 24.9.2021 09:55:36

Góðan dag

Vegagerðin hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 17. september 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 er hér með óskað eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Náttúrufræðistofnun Íslands telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Náttúrufræðistofnun Íslands telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Tilkynning framkvæmdaraðila er meðfylgjandi.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 25. október 2021 á tölvupóstföngin: thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is og skipulag@skipulag.is.

Með kveðju,

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100

thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

